

AUGLÝSING um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar og hafnarsvæðis á Þingeyri.

Breytingin felur í sér að hliðrað er lóðarmörkum milli Hafnarstrætis 15 og 17 á Þingeyri. Hafnarstræti 17 minnkar þar sem lóðin við Hafnarstræti 15 stækkar um 421,8 fm. Nýtingarhlutfall lóðanna helst óbreytt en byggingarreitir breytast. Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 21. mars 2023.

Helga Þuríður Magnúsdóttir,
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 5. apríl 2023